

Tillaga forseta borgarstjórnar um fyrirkomulag á fundum borgarstjórnar 1. og 15. desember við fyrri og síðari umræðu um fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar og fimm ára áætlun:

Lagt er til að forsætisnefnd sammælist um að við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun taki einungis oddvitar borgarstjórnarflokka til máls og má ræðutími í fyrstu ræðu vera allt að einum klukkutíma. Borgarstjóri tekur fyrstur til máls og svo oddvitar flokka eftir stærð. Ef oddvitar kjósa að taka aftur til máls fer um ræðutíma samkvæmt 23. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Lagt er til að forsætisnefnd sammælist um að við síðari umræðu um fjárhagsáætlun og fimm ára áætlun verði gert ráð fyrir því að allir borgarfulltrúar taki til máls, óski þeir þess. Í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga verður ræðutími óbundinn en forsætisnefnd hefur náð heiðursmannasamkomulagi um að miða ræðutíma í fyrstu ræðu við 40 mínútur og að heimilt verður að veita andsvar við fjórum ræðum. Borgarstjóri mun taka fyrstur til máls og svo aðrir borgarfulltrúar í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu að mælendaskrá. Ef borgarfulltrúar kjósa að taka aftur til máls er ræðutími í seinni ræðum takmarkaður við 10 mín.